

GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit
á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðiseftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

Tímagjald fyrir þjónustu	kr. 18.900
Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 28.000
Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns	kr. 270.000

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sér um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætluð tíðni eftirlits.

Unnt er að sækja um lækun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á slíka lækun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

3. gr.

Aðildarsveitarfélögin eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari s.s. vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun auk þjónustuverkefna. Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum móttöku á skráningu greiðist kr. 34.000 umsýslugjald auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á. Heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfiskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast kr. 29.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast kr. 18.900.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast kr. 40.000.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirliggjandi gögnum greiðast kr. 30.000.

Fyrir húsnæðisskoðun greiðast kr. 40.000. Heilbrigðiseftirliti Vesturlands er þó heimilt að lækka eða fella það gjald niður. Fyrir ítarlega húsnæðisskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs og götusölu greiðast kr. 30.000. Heilbrigðiseftirliti Vesturlands er þó heimilt að lækka eða fella það gjald niður.

Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármála- og efnahagsráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimtir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Fyrir starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðist eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykktu settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum skal heilbrigðisnefnd innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi fyrir starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfis og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfelld.

5. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en gjalddagi annarra gjalda útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af heilbrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við 46 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1356/2022 fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Hvalfjarðarsveit, 27. desember 2023.

F.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands,

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ísat-númer	Heiti	Tíðni	Árlegt eftirlits- gjald kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	0,25	18.900
01.24.0.2	Alifuglar, framleiðsla á eggjum	0,25	45.138
01.24.0.1	Alifuglarækt minna en 40.000 stæði	0,5	61.425
52.31.0.0	Apótek	0,5	33.075
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	42.525
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	33.075
93.02.0.3	Baðaðstaða	1	70.875
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	123.100
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	142.250
15.81.0.4	Bakarí, stórt	1	199.200
55.55.0.2	Bátaafgreiðsla eldsneytis	0,33	34.304
50.50.0.0	Bensínstöðvar, litlar	0,5	71.000
50.50.0.1	Bensínstöðvar, stórar	1	146.600
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	52.100
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	66.275
50.20.0.4	Bifreiðaréttingar	0,5	33.075
50.20.0.3	Bifreiðasprautun	0,5	42.525
50.30.0.2	Bílapartasölur	1	89.900
15.96.0.0	Bjórgerð lítil	1	94.500
15.96.0.1	Bjórgerð stór	1	113.400
28.52.0.1	Blikksmiði	0,25	18.900
50.20.0.6	Bón- og bílapvottur, handvirkt	0,25	18.900
50.20.0.5	Bón- og bílapvottur, sjálfvirkt	0,5	66.275
37.20.0.1	Brennur	0,5	59.063
85.32.1.1	Dagforeldri með fleiri en 6 börn	0,5	37.800
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	16.538
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili	0,5	61.425
01.42.0.1	Dýrageymsla	0,25	16.538
85.20.0.2	Dýralæknastofa	0,25	18.900
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	47.250
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	56.700
37.20.0.3	Endurvinnsla seyru	0,5	51.975
37.20.0.2	Endurvinnsla úrgangs	1	66.150
75.23.0.2	Fangelsi	0,5	70.875
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,25	21.263
52.23.0.1	Fiskbúð	1	104.200
51.17.2.0	Fiskmarkaður	1	85.050
63.23.0.1	Flugvöllur, lítill, mengunarvarnaeftirlit	0,25	35.438
90.00.0.8	Flutningur úrgangs og sorphirða	1	66.150
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	35.438
80.21.0.1	Framhalds- og háskólar	0,5	61.425
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	37.800
20.53.0.0	Framleiðsla á ilmólum	0,25	21.263
10.31.0.0	Framleiðsla á kartöfluflogum, lítill	1	94.500
15.41.0.1	Framleiðsla á mjóli/feiti minna en 10 tonn á dag	1	113.400
15.20.0.1	Framleiðsla á tilbúnum réttum	1	113.650
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	66.150
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja, lítill	1	94.500

Ísat-númer	Heiti	Tíðni	Árlegt eftirlits- gjald kr.
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og safa	1	113.400
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,5	47.250
85.32.3.2	Fristundaheimili/félagsmiðstöð/dægradvöl	0,5	37.800
24.20.0.1	Garðaúðun	0,25	18.900
90.00.0.7	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5	33.075
90.00.1.9	Gámastöð	0,5	42.525
63.21.0.3	Geymsla hættulegra efna / meðhöndlun á asbesti	0,25	21.263
63.21.0.2	Geymsla hættulegra efna / meðhöndlun á sementi	1	132.300
50.30.0.1	Geymslusvæði	0,5	51.975
55.12.0.1	Gististaður fyrir 16 manns eða færri	0,25	21.263
55.12.0.2	Gististaður 17-50 manns	0,33	31.185
55.12.0.3	Gististaður fleiri en 50 manns	0,5	51.975
80.10.0.1	Grunnskólar	0,5	61.425
15.20.5.0	Harðfiskverkun	0,25	23.625
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,25	23.625
51.31.0.1	Heildverslun, lítil	0,5	33.075
51.31.0.2	Heildverslun, miðlungs	0,5	70.875
51.31.0.3	Heildverslun, stór	1	236.250
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,25	25.988
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða, lítið	0,25	23.625
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, stórt	0,5	66.150
15.20.4.1	Heitloftspurrkun fiskafurða	1	142.000
40.10.0.2	Hitaveita úr lághita	0,25	28.350
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	75.600
85.14.9.5	Húðgötun	0,5	37.800
15.52.0.0	Ísgerð	1	123.350
92.61.0.4	Ípróttahús, lítil	0,5	37.800
92.61.0.5	Ípróttahús, miðlungs	0,5	47.250
92.61.0.6	Ípróttahús, stór	1	113.400
92.61.0.8	Ípróttavellir	0,25	16.538
37.20.0.4	Jarðboranir	1	66.150
85.14.9.3	Jógastofur, heilun o.fl.	0,25	18.900
55.40.0.0	Kaffihús eða krá, lítil	0,5	47.250
55.40.0.1	Kaffihús eða krá, miðlungs	1	75.600
55.40.0.2	Kaffihús eða krá, stór	1	113.400
92.62.2.0	Kappaksturs og æfingabraut	0,5	42.525
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	18.900
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	18.900
15.13.0.4	Kjöttvinnsla með reykingu	1	103.950
15.13.0.1	Kjöttvinnsla	1	85.050
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	47.250
85.32.2.1	Leikskólar	0,5	70.875
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	37.800
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	94.500
01.25.2.0	Loðdýrabú	0,5	51.975
85.12.2.1	Læknastofur án aðgerðarýmis	0,25	18.900
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,25	25.988
52.62.0.1	Markaður, lítill	0,5	47.250
52.62.0.2	Markaður, miðlungs	1	94.500
52.62.0.3	Markaður, stór	2	189.000

Ísat-númer	Heiti	Tíðni	Árlegt eftirlits- gjald kr.
55.52.0.0	Matarsmiðja með deilieldhúsi	0,5	37.800
55.30.1.1	Matsölustaðir 16 manns og færri	1	75.600
55.30.1.2	Matsölustaðir 17-50 manns	1	103.950
55.30.1.3	Matsölustaðir fyrir 50 manns og fleiri	1	113.400
55.30.1.7	Matsöluvagn, lítill	1	56.700
55.30.1.8	Matsöluvagn, stór	1	75.600
52.11.2.4	Matvöruverslun, lítill	1	113.650
52.11.2.5	Matvöruverslun, miðlungs	1	151.700
52.11.2.6	Matvöruverslun, stór	1	208.650
35.11.0.1	Málmsmiðja	0,5	47.250
85.31.5.2	Meðferðarstofnun	0,25	35.438
20.20.0.2	Meindýravarnir	0,25	21.263
15.20.7.1	Mjölvinnsla	1	113.650
51.57.0.1	Móttaka á drykkjarumbúðum til endurvinnslu	0,25	16.538
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	70.875
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	122.850
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	75.600
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	103.950
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	122.850
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	0,5	37.800
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	75.600
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	94.500
14.30.0.0	Námur	0,33	34.304
55.55.0.3	Neyslugeymir fyrir olíu	0,33	21.830
45.11.0.1	Niðurrif húsa og annarra mannvirkja, umfang lítið	0,5	37.800
45.11.0.2	Niðurrif húsa og annarra mannvirkja, umfang mikið	1	113.400
15.20.8.0	Niðursuðuverksmiðja	0,5	47.250
93.04.0.9	Nuddstofur	0,25	21.263
26.82.9.1	Olíumalar og malbikunarstöðvar með færanlega starfsemi	1	75.600
55.55.0.4	Olíutankur	0,33	34.304
85.32.2.3	Opin leiksvæði	0,5	37.800
25.21.0.1	Plastiðnaður	0,5	56.700
22.22.9.2	Prentiðnaður	0,25	25.988
85.14.9.6	Rannsóknarstofur	0,5	30.713
92.62.0.1	Reiðhöll	0,25	18.900
92.72.0.1	Reiðskólar og hestaleigur	0,33	24.948
50.20.0.8	Ryðvarnarverkstæði	1	75.600
01.12.1.0	Ræktun og pökkun grænmetis	0,25	35.563
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítill	1	75.600
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	103.950
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	207.900
52.11.3.3	Sala á tóbaki	0,5	37.800
15.33.0.2	Salatgerð	1	132.550
55.40.0.3	Samkomustaður, lítill	0,25	18.900
55.40.0.4	Samkomustaður, miðlungs	0,5	47.250
55.40.0.5	Samkomustaður, stór	1	94.500
58.51.3.9	Sandblástur	0,5	33.075
85.11.1.2	Sjúkrahús	1	103.950
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,25	18.900
75.23.0.1	Skammtímavistun fanga	0,5	33.075

Ísat-númer	Heiti	Tíðni	Árlegt eftirlits- gjald kr.
93.02.0.9	Skemmti- og þemagarður	1	70.875
55.30.2.1	Skemmtistaðir	1	94.500
92.72.0.2	Skotvellir	0,33	24.948
90.00.0.0	Skólphreinsun, litlar fráveitur 1-50 pe	0,25	18.900
90.00.0.1	Skólphreinsistöðvar/fráveitur 50-2.000 pe og afrennsli til strandsjávar	1	199.200
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar/fráveitur 2.000-10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	2	492.900
90.00.0.3	Skólphreinsistöðvar/fráveitur 10.000-50.000 pe og afrennsli til strandsjávar	2	530.700
90.00.0.4	Skólphreinsistöðvar/hreinsistöð 50-3.000 pe afrennsli í ferskvatn	0,5	85.300
90.00.0.5	Fráveita fyrirtekja með eigin hreinsibúnað eða eigin útrás	1	113.400
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25	17.719
15.11.0.2	Sláturhús minna en 1 tonn á dag, örsláturhús	0,5	33.075
15.11.0.1	Sláturhús minna en 50 tonn á dag	1	103.950
45.11.0.3	Slippur	0,5	70.875
15.20.0.2	Smáframleiðsla matvæla	0,25	28.350
50.20.0.7	Smurstöðvar	0,5	56.825
97.00.0.2	Snyrtihús á ferðamannastöðum og önnur almenningssalerni	0,5	33.075
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,25	21.263
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla, lítil	0,25	25.988
24.52.0.2	Snyrtivöruframleiðsla, miðlungs	0,25	35.438
24.52.0.3	Snyrtivöruframleiðsla, stór	0,5	89.775
93.04.0.8	Sólbaðstofur	0,5	37.800
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	28.350
55.14.0.2	Starfsmannabúðir	0,25	21.263
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	0,5	80.325
52.11.1.1	Stórmarkaðir án matvælavinnslu	1	208.900
52.11.1.2	Stórmarkaðir með matvælavinnslu	2	360.600
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagroutargerð, lítil	0,25	18.900
15.33.0.4	Sultu- og ávaxtagroutargerð, stór	0,5	71.125
92.61.0.1	Sund- og baðstaður, lítill	1	151.950
92.61.0.2	Sund og baðstaður, miðlungs	2	292.310
92.61.0.3	Sund- og baðstaður, stór	3	541.150
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	94.500
01.12.1.2	Svepparækt	0,25	21.263
01.23.0.1	Svínabú minna en 2.000 stæði fyrir alisvín eða færri en 750 stæði fyrir gyltur	1	113.400
52.11.3.2	Sölutum	1	75.600
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,5	42.525
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	1	66.150
55.22.0.1	Tjald- og gistivagnastæði, lítið	0,25	23.625
55.22.0.2	Tjald- og gistivagnastæði, miðlungs	0,33	32.744
55.22.0.3	Tjald- og gistivagnastæði, stórt	0,5	54.338
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	18.900
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði	0,25	18.900
80.10.0.6	Útihátíðir	1	103.950
41.00.0.0	Vatnsveitur til einkanota	0,5	64.038
41.00.0.1	Vatnsveitur færri en 151 neytendur/matvælaframleiðendur	0,5	75.850
41.00.0.2	Vatnsveitur 151-500 íbúa	1	104.200
41.00.0.3	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	190.000
41.00.0.4	Vatnsveitur 1.001-5.000 íbúa	4	483.200

Ísat-númer	Heiti	Tíðni	Árlegt eftirlits- gjald kr.
41.00.0.5	Vatnsveitur 5.001-10.000 íbúa	5	625.450
26.82.9.2	Verkstæðisaðstaða verktaka	0,5	61.425
29.11.0.0	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	33.075
50.20.0.9	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	28.350
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski	0,5	42.525
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	35.438
15.31.0.0	Vinnsla og þökkun á grænmeti	0,5	37.800
40.10.0.3	Virkjanir 2 MW-50 MW	0,5	42.525
63.21.0.4	Vörugeymslur og flutningamiðstöðvar, litlar	0,5	37.800
63.21.0.1	Vörugeymslur og flutningamiðstöðvar, stórar	1	85.050
85.31.3.0	Þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara	0,5	37.800
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	42.525
80.42.9.0	Önnur ótalin fræðslustarfsemi	0,25	21.263
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru og drykkjarvöru í sérvörslunum	0,5	42.525

B-deild – Útgáfudagur: 11. janúar 2024